

um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. eru gerðar þessar breytingar:

1. Á eftir orðunum: „koma í veg fyrir ketilstein“ í nr. 59 í 28. kafla kemur: og ryð.
2. Aftan við nr. 2 í 39A kafla kemur svo hljóðandi athugasemd:
Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka aðflutningsgjöld af plastumbúðum af sérstakri gerð utan um íslenskar afurðir til útflutnings.
3. Nr. 33 í 44. kafla (Vaxbornar umbúðir).
Liðurinn fellur niður.
4. Aftan við nr. 34 í 44. kafla kemur svo hljóðandi athugasemd:
Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka aðflutningsgjöld af pappaumbúðum af sérstakri gerð utan um íslenskar afurðir til útflutnings.
5. Nr. 1 og 2 í 45. kafla orðast svo:

	Toll- eining	Vöru- magna- tollur Aurar	Verð- tollur %
— með íslenskum texta	1 kg	2	25
— — bundið	—	2	15
6. Við athugasemdina við nr. 2 í 45. kafla bætist:
Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af ritum, sem Vestur-Íslendingar láta prenta vestan hafs á íslensku, og af forn- og fræðiritum og öðrum þess háttar ritum á íslensku.
7. Í stað nr. 15 í 45. kafla koma tvö númer, svo hljóðandi:
Auglýsingaspjöld og auglýsingaskilti, áletruð, einnig úr öðrum efnum:

15 — með íslenskum texta	—	2	25
15a — önnur			tollfrjáls
8. Á eftir nr. 27 í 63. kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi:
27a Vélavírdúkur
 — | 2 | 8 |
9. Í stað nr. 85—86a í 63. kafla koma tvö númer, svo hljóðandi:
Blikkdósir og kassar:

85 — málað, áletrað, lakkað eða skreytt	—	7	30
86 — annað	—	7	20
10. Nr. 36 í 72. kafla orðast svo:
36 — allt að 100 hestafla
 — | 2 | 8 |
11. Aftan við nr. 3 í 75. kafla koma tvö númer, svo hljóðandi:

3a — kranabifreiðar	—	2	10
3b — steypuhræribifreiðar	—	2	10
12. Aftan við nr. 7 í 85. kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi:
8 Ferðaskrín og önnur þess háttar skrín með speglum, burstum og öðrum snyrtiáhöldum, búsaðhöldum o. þ. h., ót. a.
 — | 7 | 50 |

2. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

Á eftir bb-lið koma tveir nýir liðir, svo hljóðandi:

- cc. Meðan tilbúinn áburður er tollfrjáls, að endurgreiða Áburðarverksmiðjunni aðflutningsgjöld af umbúðum og efnivörum til framleiðslunnar.
- dd. Meðan heimilt er að fella niður aðflutningsgjöld af ómöluðu korni, að fella niður á sama hátt aðflutningsgjöld af kornvörum, kornblöndum og melassa til skepnufóðurs.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. málsgr. 36. gr. laga nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fjármálaráðuneytinu hafa borizt nokkur erindi um breytingar á tollskránni. Í tollheimtunni hefur einnig komið í ljós, að breyta þarf nokkrum atriðum.

Tekin eru upp í frumvarpið þau atriði, sem ráðuneytið telur að breyta þurfi. Um einstaka liði skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

1. Farið hefur verið fram á það, að verðtollur sé lækkaður á ryðvarnarefnum. Þar eð efni þessi eru hliðstæð öðrum efnum í nr. 59 í 28. kafla, er lagt til, að ryðvarnarefni teljist framvegis til þessa tollskrárnúmers með 8% verðtoll, en ekki til nr. 61 í sama kafla með 30% verðtoll.
2. Hraðfrystihúsin hafa flutt inn vélar til þökkunar á fiski í plastumbúðir af sérstakri gerð. Umbúðir þessar liggja fast að fiskinum og er allt loft tekið úr umbúðunum, þannig að fiskurinn geymist mjög lengi óskemmdur í þessum umbúðum. Lagt er til, að ráðuneytinu sé heimilt að lækka aðflutningsgjöld af þessum umbúðum og verður þá höfð hliðsjón af tollinum í nr. 2 í 39A kafla tollskrár, en hann er 2% verðtollur. Réttara þykir að hafa hér heldur lækkunarheimild en að breyta textanum í nr. 2 í 39A kafla, þar eð stöðugt er verið að breyta til um umbúðir, svo að sífellt þyrfti þá að breyta textanum á þessu tollskrárnúmeri.
3. og 4. Í tollskrárlögum, eins og þau voru samþykkt 1939, var nr. 33 í 44. kafla á þessa leið:
33 — vaxbornar umbúðir um frystan fisk til útflutnings, verðtollur 8%.
Með 20. lið 1. gr. laga nr. 6/1945 voru orðin „um frystan fisk til útflutnings“ felld niður, og segir í greinargerðinni fyrir frumvarpinu að þessum lögum um 20. lið (17. liður í frumvarpinu, alft. A/1945, bls. 17): „Rétt þykir, að vaxbornar pappambúðir utan um aðrar innlendar framleiðsluvörur en frystan fisk komi í sömu tolla og umbúðirnar utan um fiskinn, enda ógerlegt að fylgjast með því, hvort umbúðirnar eru notaðar utan um fisk eða annað. Því er lagt til, að orðin: „um frystan fisk til útflutnings“ verði felld niður.“
Með 13. lið 1. gr. laga nr. 49/1950 var verðtollurinn eftir nr. 33 í 44. kafla lækkaður úr 8% í 2%.
Eins og 33. liður er nú orðaður, þarf ekki annað en að láta vaxbera pappambúðirnar til þess að þær komi undir hinn lága toll í nr. 33. Hafa þannig í vaxandi mæli alls konar pappambúðir komið undir hinn lága toll, t. d. undir ís, sælgæti o. þ. h.
Er það ekki í samræmi við annað, að slíkar umbúðir komi í svo lágan toll, enda hinn lági tollur miðaður við útflutningsvörur. Til þess að bæta úr þessu misræmi, er lagt til, að nr. 33 verði fellt niður, en í þess stað komi heimildar-ákvæði fyrir ráðuneytið til þess að lækka tollana eftir nr. 34 í 44. kafla af þeim pappambúðum, sem það telur fluttar inn undir útflutningsvörur.
5. og 6. Til verndar innlendra prentvinnu hafa verið tollaðar bækur og önnur rit prentuð erlendis fyrir íslenzka útgefendur, en það hefur oft verið erfitt að skera úr því, hvort hinar innfluttu bækur með íslenzkum texta væru raunverulega gefnar út af erlendum aðilum, t. d. þegar hluti af kostnaðinum er greiddur héðan, og til þess að komast hjá þessum vanda, er það lagt til eftir erlendri fyrirmynd, að málið á textanum verði látið skera úr. Sanngjarnt þykir, að heimilt sé að fella niður toll af ritum, sem Vestur-Íslendingar láta prenta vestan hafs, og af forn- og fræðiritum prentuðum erlendis á íslenzku og af öðrum þess háttar ritum, ef sérstaklega stendur á.
7. Erendis eru auglýsingaspjöld og auglýsingaskilti því aðeins tolluð, að vörur þessar séu með texta á tungu þess lands, sem þær eru fluttar til og eiga að notast í. Er hér um verndartoll að ræða. Ekki þykir sanngjarnt að tolla hér frekar en annars staðar nefndar vörur, ef þær eru með útlendum texta, og er því hér um rædd tillaga borin fram og gert ráð fyrir því, að tollarnir verði hér hinir sömu og sams konar verndartollar samkvæmt nr. 1 í 45 kafla.
8. Farið er fram á lækkun á vírdúk í vélar, sem telst til nr. 30 í 63 kafla með 7

- aurum af kg í vörumagnstoll og 30% verðtoll. Sanngjarnt þykir, að dúkur þessi verði með sömu tollum og vélarnar, sem hann er mestmegnis notaður í, þ. e. vélarnar í nr. 38—47 í 72. kafla tollskrár.
9. Breytingin er í því fölgín, að hinir lágu tollar eftir nr. 85 í 63. kafla, 7 aurar af kg og 2% verðtollur, eru felldir niður. Þykir heppilegra, að aðflutningsgjöld af dósnum utan um íslenzkar afurðir verði endurgreidd af ráðuneytinu samkvæmt heimildinni í i-lið 3. gr. tollskrárlaganna. Með því einu móti er það tryggt, að undir hina lægri tolla komi aðeins þær dósir, sem raunverulega fara utan um útflutningsvörur.
 10. Kvartað er yfir of háum tolli af hinum smærri túrbínnum, en hærri tollur var settur á túrbínur allt að 100 hestafla en þær, sem stærri eru, þar eð talið var, að túrbínur allt að 100 hestafla mætti smíða hér. En það mun ekki almennt gert, og vegna þess og þar sem sérstök ástæða er til að létta undir með einstaklingum, sem ekki eiga þess kost að fá raforku frá hinum stærri veitum, er lagt til, að sami tollur verði samkvæmt nr. 36 og nú er samkvæmt nr. 37 í 72. kafla tollskrár.
 11. Kranar teljast til nr. 27 í 72. kafla tollskrár með 2 aurum af kg í vörumagnstoll og 2% verðtoll og vörubifreiðar til nr. 4 í 75. kafla tollskrár með sama vörumagnstolli og með 10% verðtoll. Nú hafa verið fluttar inn kranabifreiðar, en vantað hefur tollskrárnúmer fyrir þær. Samkvæmt 5. gr. tollskrárlaga eiga þær að tollast eftir nr. 5 í 75. kafla tollskrár með 30% verðtoll, en þetta er of háur tollur miðað við tollinn á vörubifreiðum og mannvirkjagerðavélum, sem teljast til nr. 28 í 72. kafla, og því er lagt til, að tollurinn á kranabifreiðum verði hinn sami og er af vöruflytningabifreiðum, þ. e. 2 aurar af kg í vörumagnstoll og 10% verðtollur. Sama er ætlað til að gildi um hliðstæðar bifreiðar, steypuhræribifreiðarnar, en einnig hefur vantað tollskrárnúmer fyrir þær.
 12. Innflutt eru alls konar skrín og veski til notkunar í ferðalögum o. þ. h. Í skrinum þessum eru oft hinar margvíslegustu vörutegundir, og er því oft erfiðleikum bundið að flokka þessar sendingar eftir tollskránni. Eðlilegast þykir, að þessi skrín verði í einu og sama tollskrárnúmeri, og er því borin fram tillaga sú, sem hér um ræðir.

Um 2. gr.

- cc. Áburðarverksmiðjan fer fram á það, að ekki sé tekinn tollur af umbúðum og efnivörum til framleiðslunnar. Það þykir ekki eðlilegt, að verksmiðjan greiði tolla af umbúðum og efnivörum til framleiðslunnar meðan innfluttur áburður er tollfrjáls.
 - dd. Farið er fram á það, að kornvörur, kornblöndur og melassi til skepnufóðurs sæti sömu tollkjörum og ómalað korn, sem notað er til skepnufóðurs, og er fallið á það með tillögunni.
- Ætlað var til, að tollskrárlögin tækju til sem flestra ákvæða um aðflutningsgjöld, en fyrir vangá hefur haldizt í lögum tollundanþáguheimild fyrir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið í lögunum um loftferðir, og þar eð sjálfsagt þykir, að tollundanþáguheimildir séu allar í höndum fjármálaráðherra, en ekki í höndum samgöngumálaráðherra, er lagt til, að 2. málsg. 36. gr. laga nr. 32/1929, um loftferðir, falli úr gildi. Niðurfellingin skiptir litlu máli, því að flugvélar og hlutar í þær eru undanþegnar tolli í 76. kafla tollskrár.